

# Fundir mannréttinda og lýðræðisráðs

## Verklagsreglur

1. Undirbúningsfundir eru haldnir á fimmtudegi fyrir fundi ráðsins og hefjast kl. 14.00. Á undirbúningsfundi ákveður formaður dagskrá í samráði við mannréttindastjóra.

2. Mál sem fulltrúar í ráðinu óska að taka á dagskrá funda skulu hafa borist til formanns, [dora.bjort.gudjonsdottir@reykjavik.is](mailto:dora.bjort.gudjonsdottir@reykjavik.is) eða/og á netföng, [anna.kristinsdottir@reykjavik.is](mailto:anna.kristinsdottir@reykjavik.is), [elisabet.petursdottir1@reykjavik.is](mailto:elisabet.petursdottir1@reykjavik.is) fyrir upphaf undirbúningsfundar, ásamt öllum fylgigögnum.

3. Reglulegir fundir skulu boðaðir með a.m.k. tveggja sólarhrings fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði auk þess sem birta skal hana á opnum vef Reykjavíkurborgar ásamt fundargögnum. Útsend og birt dagskrá ráðsfundar verði tímasett. Ráðsmenn geta gert athugasemd við áætlaðan tíma fyrir hvern fundarlið og óskað eftir breytingu en slík ósk skal berast formanni ráðsins innan sólarhrings. Ráðsmenn bera þannig sameiginlega ábyrgð á því að tímaáætlun fundarins haldist og stefna að því saman að halda tímamörk.

4. Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Ef aðalmaður getur ekki tekið sæti á fundinum boðar hann varamann  
Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðslistar haft samstarf um nefndarkosningar, skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 4. mgr. 21. gr. sveitarstjórnarlaga.

5. Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum og er óheimilt að greina opinberlega frá ummælum á nefndarfundum sem fram koma hjá einstökum nefndarmönnum eða öðrum sem fundinn sitja.

**Bókanir og fyrirspurnir.** Nefndarmenn í borgarráði, fastanefndum, ráðum og stjórnnum eiga rétt á að fá bókaða stutta athugasemd í fundargerð um afstöðu sína til máls sem til meðferðar er á fundinum eða leggja fram stutta fyrirspurn í fundargerð um mál sem eru á verksviði nefndarinnar. Bókanir og fyrirspurnir skulu að jafnaði ekki vera lengri en 200 orð. Óheimilt er að færa í gerðabók greinargerðir eða hvers konar skriflegan málflutning um afstöðu fulltrúa til máls sem til meðferðar er.

**Mál á dagskrá.** Heimilt er að taka mál til meðferðar í ráði þótt ekki sé það tilgreint á útsendri dagskrá, en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar sé þess óskað.

22. janúar 2019